# Eyjafjarðarsveit

Afhending 2012/9

Eyjafjarðarsveit liggur í Eyjafirði innan Akureyrar og varð til þegar þrjú sveitarfélög á svæðinu sameinuðust í eitt en þau voru Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur og Öngulsstaðahreppur. Kosið var um sameininguna í október 1990. Samhliða kosningunni var efnt til skoðanakönnunar um nafn á hið nýja sveitarfélag og vinsælust voru Eyjafjarðarbyggð, Eyjafjarðarhreppur og Eyjafjarðarsveit. Lokaákvörðun var síðan tekin á sameiginlegum fundi hreppsnefndanna þriggja og Eyjafjarðarsveit varð formlega til 1. janúar 1991. Í Eyjafjarðarsveit er starfræktur grunnskóli, íþróttamiðstöð og sundlaug á Hrafnagili. Þar er auk þess stærsta byggð sveitarfélagsins, Reykárhverfi. Árið 2019 bjuggu um þúsund manns í Eyjafjarðarsveit. Meðal stærstu atvinnugreina í Eyjafjarðarsveit árið 2019 voru ferðaþjónusta, mjólkurbúskapur og annarskonar landbúnaður.

Afhendingin barst frá Birni Jósef Arnviðarsyni. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 822, 2014/15 og 2015/39.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
17. febrúar 2021

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| A | 1 | 1 | 1991 - 1997 | Gjörðabók hreppstjóra |
| A | 1 | 2 | 1991 - 1996 | Gjörðabók við utankjörfundarkosningar |
| A | 1 | 3 | 1991 - 1996 | Úttektarbók |